

## 1. Þingsetning

Formaður HSÍ, Knútur G. Hauksson setti 53. Ársþing HSÍ og bauð þinggesti velkomna.

## 2. Kostning þriggja manna í kjörbréfanefnd

- Þorbjörg Gunnarsdóttir
- Ingibjörg Ragnarsdóttir
- Hermann Þráinsson

Engar aðrar tillögur bárust og enginn hreyfði við mótbárum, var kosning kjörbréfanefndar samþykkt með lófaklappi.

## 3. Kostning þingforseta og varaþingforseta

Formaður bar upp tillögu um Sigurjón Pétursson sem þingforseta. Engar aðrar tillögur né athugasemdir bárust, var því Sigurjón lýstur réttkjörinn. Tillaga kom um Árni Þór Árnason sem varaforseta. Engar athugasemdir voru gerðar og var Árni Þór því rétt kjörinn varaforseti þingsins.

## 4. Kostning þingritara og varaþingritara

Formaður lagði fram tillögu um Ástu Óskarsdóttur sem þingritara og Þorbjörgu Gunnarsdóttur sem varaþingritara. Engar aðrar tillögur bárust og voru þær því réttkjörnar. Höfu þær þegar störf.

## 5. Þinggerð síðasta árs lögð fram

Þinggerð síðasta árs hefur verið á vef HSÍ í langan tíma en var ekki dreift sérstaklega á þinginu en var hún lögð fram. Þinggerð var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 6. Ávörp gesta

Helga Steinunn Guðmundsdóttir frá ÍSÍ bað um orðið:

Þingforsetar ágætu þignfulltrúar ég flyt ykkur bestu kveðju Ólafs Rafnssonar forseta og framkvæmdastjórnar Íþrótt- og ólympíusambands Íslands. Við hjá ÍSÍ óskum ykkur hjartanlega til hamingju með árangur karlalandsliðsins á Evrópumótinu í Austurríki og einnig óskum við ykkur til hamingju með góðan árangur annarra landsliðshópa. Ykkar árangur hefur náð að þjappa þjóðinni saman og efla hjá okkur þjóðarstoltið. En nú eru erfiðir tímar í íslensku þjóðlífi og það er efnahagskreppan sem hefur lamað meginstoðir fjáröflunar íþróttahreyfingarinnar. Sambandsaðilar ÍSÍ hafa þurft að draga verulega úr starfsemi sinni sérstaklega það sem snýr að alþjóðlegu samstarfi. Við vonum auðvitað að þetta sé aðeins tímabundið og úr rætist varðandi möguleika íslenskra fyrirtækja að koma að krafti með stuðning við íslenskt íþróttalíf. Það eru ekki síst íþróttafélögin innan allra sérsambanda sem hafa fundið mikið fyrir þessum samdrætti í tekjuöflun og það þýðir að draga þarf úr rekstri. Við hjá ÍSÍ höfum lagt áherslu á að félögin standi

vörð um barna og unglíngastarf og teljum að vel hafi tekist til. En það þýðir ekki bara að horfa í baksýnisspegilinn við skulum horfa fram á veginn og vona að þjóðfélagið okkar nái sér fljótt upp úr þeim öldudal sem bankahrúnið setur okkur í. Íþróttahreyfingin skiptir þar verulegu máli og mikilvægt að öll okkar félög og sambandsaðilar sé til staðar og geti sinnt vel barna og unglíngastarfi. Við sjáum ekki annað en þetta sé að ganga vonum framár í dag og ég óska ykkur aðildarfélögum HSÍ góðs gengis í ykkar starfi. Það er stutt í næstu verkefni og Ólympíuleika og þar vonumst við eftir góðu samstarfi eins og á síðustu Ólympíuleikum og gengi líka. Að lokum við ég óska ykkur góðra þingstarfa hér í dag.

## 7. Álit kjörbréfanendar lagt fram og samþykkt

Þorbjörg Gunnarsdóttir fulltrúi kjörbréfanendar kom fram og las upp mætingu þingfulltrúa. Þeir voru alls 33. Kjörbréfanend heldur áfram að starfa.

## 8. Kostning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og alsherjanefnd þingsins

- Í fjárhagsnefnd voru tilnefnd:
  - Ásta Óskarsdóttir
  - Guðborgu Halldórsdóttur
  - Hannes Karlsson
  
- Í Laga- og reglunefnd voru tilnefnd:
  - Davíð B. Gíslason
  - Viktor Ragnarsson
  - Már Guðlaugsson
  
- Í alsherjanefnd voru tilnefnd:
  - Davíð Hjaltested
  - Þorvarð Tjörva Ólafsson
  - Andrés Gunnlaugsson

Allir tilnefndir nefndarmeðlimir töldust réttkjörnir þar sem engar athugasemdir né gangtillögur bárust.

## 9. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar

Knútur G. Hauksson fékk aftur orðið og fylgdi skýrslu stjórnar úr hlaði með eftirfarandi samantekt.

Þingforseti, þingfulltrúar. ÉG vil kannski byrja á að þakka fyrir hlý orð í okkar garð Helga og þú getur treyst því að við munum eiga gott samstarfa á næstu Ólympíuleikum þar sem við stefnum á

að vera með tvö lið að þessu sinni. En það eins og Helga kom inn á að það má okkur öllum ljóst vera að rekstur sérsambands eins og HSÍ sem er með afreksfólk á heimsmælikvarða í mörgum aldurshópum hefur verið einka erfiður og ekki farið varhluta af því efnahagsástandi sem verið hefur á Íslandi undanfarið. HSÍ er það sérsamband sem hefur einna hæsta hlutfall séraflafés sem kemur í gegnum samatarfs og styrktaraðila sambandsins. Hafa margir þeirra orðið fyrir miklum skakkaföllum undanfarið og þurft að draga verulega saman seglin þó langflestir af okkar samstarfsaðilum séu enn sterkir og hafa ekki slegið af í okkar samstarfi. En vegna mikilla ferðalaga landsliða okkar hefur veiking íslensku krónunnar haft verulega áhrif á rekstrarkostnað sambandsins, þó svo að starfsmenn okkar hafi sýnt mikla ráðdeild og sparað í öllum þeim kostnaði sem hægt er, er niðurstaðan sú að rekstrarniðurstaða sambandsins fyrir árið 2009 er algerlega ósættanlega þar sem tap varð á sambandinu sem nemur hátt í 24 milljónum. Það er mikill viðsnúningur til hins verra frá síðasta ári en munar þar mestu um styrk frá Ríkissjóði árið 2008 sem nam 50 milljónum. Stjórn sambandsins stóð því frammi fyrir þeirri erfiðu ákvörðun hvort draga ætti enn frekar úr kostnaði sem hefði þýtt að draga landslið okkar og þá helst yngri landsliðin úr öllum keppnum bæði forkeppnum og lokamótum. Við töldum það vera mikið skref afturábak og þar sem sambandið var nægjanlega fjárhagslega sterkt til að standa af sér eitt til tvö slæm ár, þá ákvað stjórn að taka á sig þennan tímabundna skell og halda ótrauð áfram, því metnaðarfulla starfi sem við höfum verið með. Í framhaldi höfum við einnig skoðað hvað hægt sé að gera til að auka tekjur og draga en frekar úr kostnaði og leggjum við nú fram fjárhagsáætlun sem tekur mið af því að halda áfram metnaðarfullu starfi og jafnframt að skila sambandinu réttu megin við núllið. Liggur sú áætlun nú fyrir þinginu til skoðunar og síðan samþykktar.

En þó svo að rekstrarniðurstaðan hafi verið léleg og langt undir væntingum verður ekki það sama sagt um íþróttalegan árangur því hann getum við sagt var hreint frábær. Keppni í meistaraflokkum karla og kvenna hefur verið virkilega skemmtileg á þessari leiktíð, eins og við vitum í N1 deild karla og kvenna var spilað þreföld umferð í ár og var síðustu umferðinni raðað niður eftir stöðu liðanna. Tókst þetta mjög vel hjá mótanefnd og urðu síðustu umferðir deildarinnar virkilega spennandi bæði hjá efstu og ekki síður hjá neðstu liðunum. Spennan var ekkert síðri í fyrstu deild þar sem hreinn úrslitaleikur var um hvaða lið kæmist í N1 deild og hvaða félag færi í umspil. Eins og við öll vitum urðu Haukar deildarmeistarar í N1 deild karla og Valur í N1 deild kvenna og Selfoss vann fyrstu deildina. Óska ég þessum félögum til hamingju með árangurinn. Keppni um Eimskipsbikarinn sem keppt hefur verið um frá árinu 2007 tókst vel og var úrslitahelgin mjög vel heppnuð. Á það bæði við um meistaraflokkana og yngri flokkana og tel ég að þetta fyrirkomulag sem við höfum haft nú undanfarið sé einar vel heppnað. Það voru Haukar sem urðu Eimskipsbikarmeistarar í karlaflokki og Fram í kvennaflokki hjá meistaraflokkum. En eins og fram kemur í fundargögnum hefur mæting á deildarleiki verið að aukast ár frá ári, bæði hjá körlum og ekki síður hjá kvenmönnum. Er þetta mjög ánægjuleg þróun og ég vil ekki síður þakka þennan árangur að félögin eru að leggja meira í umgjörð leikja nú en áður. Það sést góð samsvörun á milli góðrar umgjarðar og áhorfs. Ég vil í þetta sinn sérstaklega benda á frábæra umgjörð hjá Akureyringum og FH ingum sem greinilega hefur skilað sér í fjölda áhorfenda. Hvet ég öll félög að taka þessi og önnur félög sem standa vel að sínum

heimaleikjum til fyrirmyndar og læra af þeim. Með því að læra af hvorum öðrum munum við auka áhorfendafjöldann en frekar.

Landslið Íslands í handbolta stóð sig ótrúlega vel á síðasta ári. 18 ára lið stúlkna tók þátt í forkeppni EM en komst ekki áfram að þessu sinni. 19 ára landslið drengja tók þátt í HM í Túnis og gerði sér lítið fyrir og spilaði úrslitaleikinn og hnepti þar silfur. Hreint ótrúlegur árangur. 20 ára landslið stúlkna var hársbreidd frá því að komast upp úr forkeppni EM og svo komst 20 ára landslið pilta í lokakeppni HM í Egyptalandi. Það er því ljóst að efniviður okkar er mikill og við þurfum ekki að hafa áhyggjur af framtíðinni hvað landsliðin varðar. Kennalandslið A- landslið tekur nú þátt í forkeppni fyrir EM sem haldin verður síðar á þessu ári og nú þegar tveir leikir eru eftir af riðlakeppni hjá liðinu þarf liðið aðeins eitt stig til að komast áfram og má reikna með að leikurinn við Austurríki verði hreinn úrslitaleikur um hvort liðið kemst á EM en íslenska liðið vann fyrri leikin hér heima. Ef þær komast áfram í lokakeppnina verður það í fyrsta skipti í sögu kvennaboltans. Karllandsliðið tók þátt í mörgum verkefnum og eins og við vitum var stærsta verkefni þeirra evrópukeppni í Austurríki. Ég átti þess kosta að fylgjast með liðinu í gegnum lokakeppnina og var það hreint frábær upplifun. Eins og við öll vitum þá náðum við að vinna til bronsverðlauna sem er hreint frábær árangur þar sem að hér er um að ræða sterkasta mót sem haldið er í heiminum.

Eftir síðasta ársþing þá biðu mörg verkefni nýrrar stjórnar. Mikið kapp var lagt að tryggja þann fjárhagslega grunn þeirrar rekstraráætlunar sem lá fyrir í því umhverfi sem var þá og reynt að klára sem flesta samstarfsamninga okkar. Einnig fór mikill tími í mótamál og höfum við meðal annars samstarf við Byrtingahúsið sem nú hjálpar okkur við að skipuleggja kynningar og auglýsingar á deildar og bikarkeppni sem og landsleiki. Teljum við að þar hafi tekist mjög vel til. Nýrrar stjórnar biða enn mikil verkefni, við þurfum að bæta okkur enn í ýmsum málaflokkum svo sem fræðslu og útbreiðslumálum og fleira. Við þurfum að bæta enn frekar fagmannleg vinnubrögð í öllu skipulagi sem við gerum svo sem rekstri, kynningum, mótamálum, dómaramálum, fræðslumálum og ýmsum innri málum hreyfingarinnar.

Við verðum öll að vera tilbúin til að hlusta á uppbyggilega gagnrýni og ábendingar og sjá hvað við getum gert betur. Það eru allir að gera sitt besta og með því að hjálpast að þá gerum við gott starf enn betra. Og það er þetta sem við verðum að gera, við verðum að vinna betur innan hreyfingarinnar koma með góðar og uppbyggilegar ábendingar og við verðum að vera opin fyrir gagnrýni og aðeins þannig munum við þróa okkar starf.

Að lokum vil ég nota þetta tækifæri til að þakka starfsfólki HSÍ fyrir frábært starf á síðastliðnu ári, ég vil einnig þakka þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu Handknattleikssambands Íslands og er það ómetanlegt fyrir sambandið. Þá vil ég þakka stjórnarmönnum HSÍ fyrir gott samstarf og ekki síðst við ég þakka ykkur forsvarsmönnum aðildarfélagi fyrir ykkar framlag og ykkar samstarf. Takk fyrir.

## SKÝRSLA STJÓRNAR HSÍ

52. Ársþing HSÍ var haldið í Laugardalshöll í Laugardal 26.apríl 2009. Fyrir þinginu lágu nokkrar lagabreytingar, en stjórn HSÍ sér um breytingar á reglugerðum sambandsins. Á þinginu var kosin nýr formaður Knútur G Hauksson og nýr varaformaður Guðmundur B Ólafsson. Guðmundur Ingvarsson og Sigurjón Pétursson gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu, þeir störfuðu saman í stjórn HSÍ s.l 12 ár og var þeim þakkað gott starf fyrir sambandið. Már Svavarsson hætti einnig í stjórn hann var formaður mótanefndar í átta ár og sat eitt ár í stjórn sambandsins. Árni Árnason var kosinn til eins árs í staðinn fyrir Jón Jörundsson sem óskaði eftir því að hætta. Einnig voru endurkjörin Kjartan Steinbach, Ásta Óskarsdóttir en Vigfús Þorsteinsson kom nýr í stjórn og voru þau kosin til tveggja ára.

Á starfsárinu hefur stjórnin haldið 22 bókaða fundi. Einnig voru haldnir 2 fundir með formönnum aðildarfélaganna. Snérist fyrri fundurinn sem fram fór í haust um kynningar á N1 deildunum og 1 deild karla og seinni fundurinn um mótakerfið í efstu deildum, sjónvarpsmál og komandi Ársþing HSÍ. Eins og undanfarin ár eru ekki allir sammála um mótakerfið í úrvalsdeild karla þó flestir séu á því að núverandi fyrirkomulag sé gott og að nauðsynlegt sé að halda stöðugleika í fyrirkomulaginu.

Varðandi umfjöllun í úrvalsdeild karla og kvenna þá hefur hún verið misjöfn hjá fjölmiðlum almennt, þar sem ástand á fjölmiðlamarkaðnum hefur óneitanlega haft sitt að segja. HSÍ gerði samkomulag við Sport TV um beinar útsendingar á netinu og urðu þær rúmlega 70 talsins, og fengu góðar viðtökur. Á milli HSÍ og RÚV er samningur um sjónvarpsréttinn á úrvalsdeildum karla og kvenna, ásamt landsleikjum og munu útsendingar á þessu keppnistímabili verða 42 talsins. Samstarfið við RUV hefur verið gott en erfitt hefur verið um vik að koma leikjum inn í dagskrána á virkum dögum. Að sjálfsögðu vill Handknattleikshreyfingin fá fleiri leiki í sjónvarpi en í árferði eins og er í dag er erfitt um vik.

HSÍ lagði fram ýmsar kröfur um umgjörð í kringum leiki í Úrvalsdeildum karla og kvenna fyrir þremur árum Nokkur félög hafa lagt mikinn metnað í bæði framkvæmd og umgjörð leikjanna og hefur það í flestum tilvikum gengið eftir að þar sem vel er vandað til verksins hefur aðsókn á leikina aukist og stemningin í kringum bæði lið og áhorfendur verið öflugri.

Rekstur sambandsins er mjög erfiður í því efnahags umhverfi sem nú er á Íslandi. Stór hluti af rekstrarkostnaði sambandsins verður til erlendis þar sem landsliðin keppa mikið á erlendri grundu og því hefur veikt gengi krónunnar haft mikil áhrif á rekstrarafkomu sambandsins. Verkefni margra landsliða koma inn með mjög stuttum fyrirvara þegar góður árangur vinnst eins og þegar U-19 ára landslið drengja og U-21 árs piltu unnu sér rétt til þess að leika til úrslita á heimsmeistaramótum þessara liða sem fram fóru í Túnis og Egyptalandi. Kostnaður í slíkum mótum er á bilinu milli 350-450.000 á hvern einstakling.

Á árinu dróst velta sambandsins saman um 60 milljónir og er ástæða þess aðallega aukaframlag ríkisstjórnar Íslands árið 2008 vegna frábærs árangurs Íslenska karlandslíðsins í Peking. Kostnaður

við rekstur sambandsins er alltaf að aukast og árið 2009 var dýrt ár vegna allra þeirra verkefna sem landsliðin unnu sér rétt til að taka þátt í. Eins og fyrr segir stafar það einkum af veiku gengi krónunnar og jókst fargjaldakostnaður t.d. um 70% á milli ára vegna þessa. Ljóst er að stjórn sambandsins þarf að forgangsraða í verkefnum landsliða og verður ekki hægt að taka þátt í öllum þeim mótum sem HSÍ stendur til boða. Stjórn HSÍ ákvað hins vegar að halda áfram þátttöku í öllum undankeppnum allra landsliða. Er það liður í áframhaldandi metnaðarfullu starfi sambandsins

Samstarfsaðilar eru mjög mikilvægir í rekstri HSÍ og ekkert sérsamband er með eins stóran hluta tekna sinna af samstarfssamningum við styrktaraðila. Má segja að 75% af tekjum sambandsins sé sjálfsaflafé sem aflað er í gegnum samstarfs- og stuðningsaðila HSÍ. Afreksmannasjóður úthlutaði styrkjum til karla og kvennalandslíðsins á árinu 2009 og er HSÍ að fá svipaðar upphæðir og á s.l. árum. Mörg verkefni voru á árinu 2009 og var íþróttalegur árangur frábær hjá landsliðinum.

#### ÍSLANDSMÓT N1 DEILDIRNAR

N1 er samstarfsaðili Úrvalsdeilda karla og kvenna og hefur mikið fjármagn verið sett til þess að auglýsa deildirnar og koma mótinu á framfæri. Keppnistímabilið 2009 – 2010 er leikið eins og í fyrra, Átta og níu lið eru í hvorri Úrvalsdeild og er leikin þreföld umferð. Haukar urðu deildarmeistarar karla og Valur deildarmeistarar kvenna. 1. deildin er með sjö liðum og hefur hún gengið nokkuð vel þó að nokkur getumunur sé á milli liða þar. Sigurvegarar 1. deildar karla varð lið Selfoss og munu þeir leika í N1 deildinni að ári.

#### EIMSKIPS BIKARINN.

Eimskip kom inn í sem samstarfsaðili fyrir Bikarkeppnina haustið 2007 og hefur úrslitahelgin í Eimskipsbikarnum verið vinsælli með hverju árinu enda mikið lagt í alla umgjörð og framkvæmd úrslitaleikjanna. RÚV sýndi beint frá úrslitaleikjum í meistaraflokki karla og kvenna, og jafnframt voru allir úrslitaleikir í yngri flokkum sýndir á netinu í gegnum Sport TV. Bikarmeistarar kvenna varð Fram eftir úrslitaleik við Val og í karlaflokki léku til úrslita Haukar og Valur og urðu Haukar bikarmeistarar .

#### YNGRI FLOKKAR.

Deildarkeppni er í yngri flokkum frá 4. flokki. Hefur mótaald gengið vel og er ljóst að mótanefnd HSÍ hefur staðið sig mjög vel á þessu keppnistímabili. Í 5-8 flokki er mótunum úthlutað til félagana og hefur sú framkvæmd gengið vel.

#### LANDSLIÐIN.

Karllandsliðið tók þátt í mörgum verkefnum á árinu 2009 var íþróttalegur árangur frábær hjá liðinu Liðið sigraði forkeppnisriðilinn fyrir EM í Austurríki og hlaut síðan Bronsverðlaun á

Evrópumeistaramótinu í Austurríki sem staðfestir enn og aftur hversu gott Íslenska karlalandsliðið er. Guðmundur Þ Guðmundsson er þjálfari landsliðsins og honum til aðstoðar eru Óskar Bjarni Óskarsson, Gunnar Magnússon, Ingibjörg Ragnarsdóttir, Elís Þór Rafnsson, Pétur Gunnarsson, Brynjólfur Jónsson og Örnólfur Valdimarsson

Verkefni kvennalandsliðsins eru fjölmörg og tekur kvennalandsliðið þátt í forkeppnisriðli fyrir EM 2010 um þessar mundir sem fram fer í Noregi og Danmörku í desember næstkomandi.. Er liðið núna í öðru sæti í riðlinum en á eftir að leika 2 leiki, annars vegar við Frakkland á Íslandi og hins vegar við Austurríki á útivelli. Þarf liðið 1 stig úr þessum 2 leikjum til að komast inn á Úrslitakeppni EM 2010 sem yrði í fyrsta skipti í sögu íslensks kvannahandbolta. Júlíus Jónasson er þjálfari kvennalandsliðsins en honum til aðstoðar eru Finnbogi Grétar Sigurbjörnsson Kristinn Guðmundsson Særún Jónsdóttir og Þorbjörg Gunnarsdóttir.

21.ára landslið pílta komst í úrslit á HM í Egyptalandi sem fram fór í ágúst 2009 og hafnaði í 13 sæti Heimir Ríkharðsson þjálfari 21 árs liðsins og honum til aðstoðar eru Einar Jónsson, Einar Sigurjónsson og Jónas Fjeldsted

20. ára landslið stúlkna komst ekki í gegnum forkeppni EM síðastliðið vor. Mótinu var úthlutað til Íslands en HSÍ fékk tilboð frá öðrum þáttökuliðum sem öll komu frá Balkanskaganum um að taka yfir mótið og seldum við mótið þangað. Stefán Arnarsson er þjálfari liðsins honum til aðstoðar eru Guðríður Guðjónsdóttir, Særún Jónsdóttir og Viðar Halldórsson.

19 ára landslið drengja þurfti ekki að fara í forkeppni fyrir Heimsmeistaramótið í Túnis fór beint inn á mótið og fékk silfurverðlaun á þessu HM í Túnis . Þess ber að geta að úrslitaleikurinn var sýndur beint í sjónvarpi hérna heima. Einar Guðmundsson og Einar Andri Einarsson eru þjálfarar liðsins og þeim til aðstoðar eru Kristján Halldórsson og Ari Fritzon

18 ára landslið stúlkna tók þátt forkeppni EM og komst ekki áfram í lokakeppni. Guðríður Guðjónsdóttir er þjálfari liðsins, henni til aðstoðar er Ómar Örn Jónsson, Hafdís Guðjónsdóttir og Sæunn Jónsdóttir

17. ára landslið drengja hefur verið kallað til æfinga og hefur komið saman 5 sinnum á árinu Arnar Þorkelsson, Erlingur Richardsson og Jóhannes Lange hafa séð um þennan hóp

16. ára landslið kvenna hefur æft 4 sinnum á tímabilinu og verkefnastjóri Hilmar Guðlaugsson.

15. ára landslið drengja hefur æft 5 sinnum saman á tímabilinu og verkefnastjóri þar er Andri Sigfússon

#### SAMSTARFSAÐILAR.

Sambandið vill þakka þeim samstarfsaðilum, sem dyggilega hafa stutt við bakið á starfsemi okkar, og má þar fremsta nefna N1, Visa, Vífilfell, Icelandair, Arion banki, RÚV, Sportland, Hekla, VÍS, Stoð, Flugfélag Íslands, Eimskip, Pósturinn, Laugar, Fönn, Lyfja, VR, prentsmiðjan Oddi, Samskip, Lengjan; Tengi, Gogogic, Kine og Margt smátt. Samstarfið við þessa aðila hefur verið mjög ánægjulegt og byggist rekstur sambandsins mikið á samstarfinu við þessa aðila.

SKRIFSTOFA HSÍ.

Einar Þorvarðarson framkvæmdastjóri HSÍ hefur annast allan daglegan rekstur ásamt starfsfólki HSÍ þeim Róbert Gíslasyni, Þorbjörgu Gunnarsdóttur, Hermann Þráinssyni og Kristjáni Halldórssyni. Ingibjörg Ragnarsdóttir hefur séð um öll búningamál fyrir öll landsliðin og verið liðstjóri karlalandsliðsins. Stöðugildi eru þrjú og hálf um áramót 2009/2010.

Vil ég nota þetta tækifæri til að þakka starfsfólki HSÍ fyrir frábært starf síðastliðið ár og einnig vil ég þakka þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu HSÍ. Er það ómetanlegt fyrir sambandið. Þá vil ég þakka stjórnarmönnum HSÍ fyrir gott samstarf sem og forsvarsmönnum aðildarféлага.

Formaður HSÍ

Knútur G Hauksson

#### SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KVENNA HSÍ

Nokkrar breytingar urðu á skipan nefndar frá síðasta ári. Nefndarmenn eru,

Árni Þór Árnason formaður

Guðbjörg Jónsdóttir ritari

Aðalheiður Pálmadóttir

Ásmundur Jónsson

Þorbjörg Gunnarsdóttir

Og með nefndinni starfaði sem aðjóðlegur stuðningsmaður Helga H. Magnúsdóttir og kunnum við henni bestu þakkir fyrir góð ráð.

Helstu markmið nefndarinnar voru sem hér segir og var unnið að þeim í samráði við ýmsa aðila og reynt að fara ótroðnar slóðir það sem þar á við.

- 1) Bæta umgjörð kvennalandsliðsins.
- 2) Samhæfð þjálfun allra kvennalandsliða
- 3) Fá góða þjálfara til að þjálfa kvennaliðin
- 4) Fá fleiri konur til að leggja fyrir sig þjálfun
- 5) Fá fleiri konur til að leggja fyrir sig dómara starf
- 6) Koma upp fullkominni skrá yfir allar fyrrum landsliðskonur



- 7) Vera með 3 góða styrktaraðila sem leggja til 7-8 milljónir á ári til viðbótar framlagi frá sambandinu.

Landsliðsþjálfarar þetta starfsár voru:

A landslið: Júlíus Jónasson

20 ára liðið: Stefán Arnason

18 ára liðið: Guðríður Guðjónsdóttir & Ómar Örn Jónsson

16 ára liðið: Hilmar Guðlaugsson

Sérstakir samstarfsaðilar að málefnum kvennalandsliða voru áfram Lyfja og Íslandspóstur en við héldum áfram samningatilaunum við Verslunarmannafélag Reykjavíkur mestallt árið vegna þess að merki þeirra var á búningum og öllu bréfsefni sambandsins. Því miður náðist engin niðurstaða og er það fyrst og fremst vegna uppreisnarástands í félaginu en stjórn þess var óstarfhæf mest allt árið. Núna erum við í samningaviðræðum við mjög álitlegt fyrirtæki sem passar vel inn í okkar umgjörð og vonandi næst viðunnandi niðurstaða fyrir báða aðila á næstu dögum.

Haldið var fræðslunámskeið fyrir yngri landsliðin þar sem teknir voru fyrir hlutir eins og markmiðasetning, afreksþjálfun og næringarfræði. Þetta var í tengslum við landsleikinn

Ísland-Austurríki í Reykjavík þann 18 október og tókst mjög vel. Fyrirlesarar voru góðir. Þá vorum við með snyrtinámskeið og sumarbústaðarferð fyrir A liðið til að þjappa þeim betur saman.

Landsleikjalisti:

#### A-landslið Kvenna

Dags.	Staðsetning	Leikur	Úrslit	Keppni
Lau. 29.maí.2010	Stockerau	Ísland - Austurríki		Undankeppni EM
Mið. 26.maí.2010	Laugardalshöll	Ísland - Frakkland		Undankeppni EM
Lau. 3.apr.2010	Laugardalshöll	<a href="#">Ísland - Bretland</a>	40-20	Undankeppni EM
Mið. 31.mar.2010	London	<a href="#">Ísland - Bretland</a>	27-16	Undankeppni EM
Sun. 18.okt.2009	Vodafone höllin	<a href="#">Ísland - Austurríki</a>	29-25	Undankeppni EM
Mið. 14.okt.2009	Besancon	<a href="#">Ísland - Frakkland</a>	23-32	Undankeppni EM
Mið. 3.jún.2009	Portó	<a href="#">Ísland - Portúgal</a>	31-23	Vínáttulandsleikir
Pri. 2.jún.2009	Portó	<a href="#">Ísland - Portúgal</a>	22-28	Vínáttulandsleikir

Mið. 20.maí.2009	Austurberg	<a href="#">Ísland - Sviss</a>	32-26	Vínáttulandsleikir
Pri. 19.maí.2009	Selfoss	<a href="#">Ísland - Sviss</a>	31-29	Vínáttulandsleikir
Mán. 18.maí.2009	Framhús	<a href="#">Ísland - Sviss</a>	33-31	Vínáttulandsleikir
Samtals 11 leikir				

#### 19 ára landslið stúlkna

Dags.	Staðsetning		Úrslit	Keppni
Sun. 12.apr.2009	Sarajevo	<a href="#">Ísland - Bosnía - Herzegovína</a>	30-16	Undankeppni HM
Lau. 11.apr.2009	Sarajevo	<a href="#">Ísland - Montenegro</a>	19-22	Undankeppni HM
Fös. 10.apr.2009	Sarajevo	<a href="#">Ísland - Serbía</a>	27-35	Undankeppni HM
Samtals 3 leikir				

#### 17 ára landslið stúlkna

Dags.	Staðsetning		Úrslit	Keppni
Sun. 8.mar.2009	Borlange	<a href="#">Ísland - Svíþjóð</a>	27-38	Undankeppni HM
Lau. 7.mar.2009	Borlange	<a href="#">Ísland - Rússland</a>	24-39	Undankeppni HM
Fös. 6.mar.2009	Borlange	<a href="#">Ísland - Montenegro</a>	26-29	Undankeppni HM
Samtals 10 leikir				

Fyrirhugaðir eru 2 leikir á vormánuðum hjá A liðinu um keppnisrétt á næsta Evrópumóti. gegn Frakklandi hér heima þann 26. maí og úti gegn Austurríki þann 29 maí. Þetta eru mjög þýðingarmiklir leikir og besta tækifæri okkar hingað til að komast inn á stórmót.

#### SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KARLA HSÍ

Nokkrar breytingar urðu á skipan landsliðsnefndar karla frá síðasta ári.

Nefndarmenn eru,

Kristján Arason formaður

Jakob Sigurðsson

Páll Ólafsson

Ingibjörg Ragnarsdóttir

Skúli Gunnsteinsson

Helstu markmið nefndarinnar er.

- 1) Að hafa umgjörð karlalandsliðana sem besta.
- 2) Skipuleggja þátttöku í Evrópu og Heimsmeistaramótum.
- 3) Samhæfa þjálfun landsliðana.
- 4) Ráða þjálfara fyrir landsliðin.
- 5) Sjá um búningasamninga.

Landsliðsþjálfarar karlaliðanna:

A landslið: Guðmundur Guðmundsson

21 árs lið: Heimir Ríkharðsson

19 ára lið: Einar Guðmundsson og Einar Andri Einarsson

17 ára lið: Erlingur Richardsson og Arnar Þorkelsson

15 ára lið: Verkefnastjóri Andri Sigfússon

Íþróttalegur árangur hjá karlalandsliðunum er búin að vera mjög góður á síðasta starfsári.

U - 19 ára landsliðið drengja fékk silfurverðlaun á Heimsmeistaramóti unglunga sem fram fór í Túnis í júlí 2010. Var sá leikur sýndur beint á RÚV.

A - landslið karla fékk bronsverðlaun á EM í Austurríki í janúar 2010.

U - 21 árs landslið Píltu lenti í 13 sæti á HM í Egyptalandi 2010

U – 17 ára landslið drengja lenti í 8. sæti á Ólympíuleikum æskunnar sem fram fór í Finnlandi.

Landsleikjalisti:

#### A-landslið Karla

Dags	Staðstening	Leikur	Úrslit	Keppni
Fös. 18.jún.2010		Ísland - Brasilía		Vináttulandsleikir
Mið. 16.jún.2010		Ísland - Brasilía		Vináttulandsleikir

Mið. 9.jún.2010	Laugardalshöll	Ísland - Danmörk		Vináttulandsleikir
Þri. 8.jún.2010	Laugardalshöll	Ísland - Danmörk		Vináttulandsleikir
Lau. 17.apr.2010	Laugardalshöll	<a href="#">Ísland - Frakkland</a>	28-31	Vináttulandsleikir
Fös. 16.apr.2010	Laugardalshöll	<a href="#">Ísland - Frakkland</a>	28-28	Vináttulandsleikir
Sun. 31.jan.2010	Vín	<a href="#">Ísland - Pólland</a>	29-26	EM 2010
Lau. 30.jan.2010	Vín	<a href="#">Ísland - Frakkland</a>	28-36	EM 2010
Fim. 28.jan.2010	Vín	<a href="#">Ísland - Noregur</a>	35-34	EM 2010
Þri. 26.jan.2010	Vín	<a href="#">Ísland - Rússland</a>	38-30	EM 2010
Mán. 25.jan.2010	Vín	<a href="#">Ísland - Króatía</a>	26-26	EM 2010
Lau. 23.jan.2010	Linz	<a href="#">Ísland - Danmörk</a>	27-22	EM 2010
Fim. 21.jan.2010	Linz	<a href="#">Ísland - Austurríki</a>	37-37	EM 2010
Þri. 19.jan.2010	Linz	<a href="#">Ísland - Serbía</a>	29-29	EM 2010
Sun. 17.jan.2010	París	<a href="#">Ísland - Frakkland</a>	25-35	Æfingarmót
Lau. 16.jan.2010	París	<a href="#">Ísland - Spánn</a>	30-27	Æfingarmót
Mið. 13.jan.2010	Laugardalshöll	<a href="#">Ísland - Portúgal</a>	37-27	Vináttulandsleikir
Sun. 10.jan.2010	Regensburg	<a href="#">Ísland - Þýskaland</a>	33-	Vináttulandsleikir

			29	
Lau. 9.jan.2010	Nurnberg	<a href="#">Ísland - Þýskaland</a>	32- 28	Vináttulandsleikir
Sun. 21.jún.2009	Eistland	<a href="#">Ísland - Eistland</a>	25- 25	Undankeppni EM
Mið. 17.jún.2009	Laugardalshöll	<a href="#">Ísland - Makedónía</a>	34- 26	Undankeppni EM
Sun. 14.jún.2009	Laugardalshöll	<a href="#">Ísland - Noregur</a>	34- 34	Undankeppni EM
Mið. 10.jún.2009	Belgía	<a href="#">Ísland - Belgía</a>	33- 25	Undankeppni EM
Pri. 9.jún.2009	Vodafone höllin	<a href="#">Ísland - Austurríki</a>	28- 36	Vináttulandsleikir
Sun. 22.mar.2009	Ásvellir	<a href="#">Ísland - Eistland</a>	38- 24	Undankeppni EM
Mið. 18.mar.2009	Makedónía	<a href="#">Ísland - Makedónía</a>	29- 26	Undankeppni EM
Sun. 11.jan.2009	Randers	<a href="#">Ísland - Bosnía - Herzegovína</a>	33- 31	Æfingarmót
Lau. 10.jan.2009	Silkeborg	<a href="#">Ísland - Danmörk</a>	29- 30	Æfingarmót
Fös. 9.jan.2009	Skjern	<a href="#">Ísland - Rúmenía</a>	34- 28	Æfingarmót
Mið. 7.jan.2009	Malmö	<a href="#">Ísland - Túnis</a>	31- 35	Æfingarmót
Pri. 6.jan.2009	Malmö	<a href="#">Ísland - Egyptaland</a>	29- 17	Æfingarmót
Sun. 4.jan.2009	Malmö	<a href="#">Ísland - Svíþjóð</a>	28- 35	Æfingarmót

Samtals 32 leikir

### 2012 landslið Karla

Dags.	Staðsetning	Leikur	Úrslit	Keppni
Sun. 11.jan.2009	Frakkland	<a href="#">Ísland - Tékkland</a>	34- 28	Æfingarmót
Fim. 8.jan.2009	Frakkland	<a href="#">Ísland - Serbía</a>	28- 31	Æfingarmót

Samtals 2 leikir

### 21 ára landslið drengja

Dags.	Staðsetning	Leikur	Úrslit	Keppni
Fös. 14.ágú.2009	Suez	<a href="#">Ísland - Holland</a>	39- 38	HM í Egyptalandi
Fim. 13.ágú.2009	Suez	<a href="#">Ísland - Noregur</a>	34- 24	HM í Egyptalandi
Þri. 11.ágú.2009	Cairo	<a href="#">Ísland - Qatar</a>	35- 23	HM í Egyptalandi
Mán. 10.ágú.2009	Cairo	<a href="#">Ísland - Argentína</a>	23- 25	HM í Egyptalandi
Lau. 8.ágú.2009	Cairo	<a href="#">Ísland - Þýskaland</a>	23- 32	HM í Egyptalandi
Fös. 7.ágú.2009	Cairo	<a href="#">Ísland - Kuweit</a>	34- 32	HM í Egyptalandi
Mið. 5.ágú.2009	Cairo	<a href="#">Ísland - Egyptaland</a>	19- 25	HM í Egyptalandi
Mán. 22.jún.2009	Nuuk	<a href="#">Ísland - Grænland</a>	38- 34	Vináttulandsleikir
Lau. 20.jún.2009	Nuuk	<a href="#">Ísland - Grænland</a>	32- 32	Vináttulandsleikir
Sun. 12.apr.2009	Emmen	<a href="#">Ísland - Bretland</a>	35-	Undankeppni HM

			24	
			33-	
Lau. 11.apr.2009	Emmen	<a href="#">Ísland - Ungverjaland</a>	33	Undankeppni HM
			35-	
Fös. 10.apr.2009	Emmen	<a href="#">Ísland - Holland</a>	35	Undankeppni HM
Samtals 12 leikir				

### 19 ára landslið pílta

Dags.	Staðsetning		Úrslit	Keppni
			35-	
Fös. 31.júl.2009	Hammamet	<a href="#">Ísland - Króatía</a>	40	HM í Túnis
			33-	
Mið. 29.júl.2009	Hammamet	<a href="#">Ísland - Túnis</a>	31	HM í Túnis
			43-	
Mán. 27.júl.2009	Tunis	<a href="#">Ísland - Noregur</a>	37	HM í Túnis
			41-	
Lau. 25.júl.2009	Nabeul	<a href="#">Ísland - Svíþjóð</a>	44	HM í Túnis
			37-	
Fim. 23.júl.2009	Nabeul	<a href="#">Ísland - Brasilía</a>	31	HM í Túnis
			29-	
Þri. 21.júl.2009	Nabeul	<a href="#">Ísland - Frakkland</a>	24	HM í Túnis
			35-	
Mán. 20.júl.2009	Nabeul	<a href="#">Ísland - Puerto Ríkó</a>	23	HM í Túnis
			28-	Opna
Lau. 4.júl.2009	Gautaborg	<a href="#">Ísland - Úkraína</a>	30	Evrópumótið
			22-	Opna
Fös. 3.júl.2009	Gautaborg	<a href="#">Ísland - Portúgal</a>	29	Evrópumótið
			24-	Opna
Fös. 3.júl.2009	Gautaborg	<a href="#">Ísland - Svíþjóð</a>	40	Evrópumótið
			20-	Opna
Fim. 2.júl.2009	Gautaborg	<a href="#">Ísland - Qatar</a>	17	Evrópumótið
			21-	Opna
Fim. 2.júl.2009	Gautaborg	<a href="#">Ísland - Sviss</a>		

			15	Evrópumótið
			17-	Opna
Mið. 1.júl.2009	Gautaborg	<a href="#">Ísland - Rússland</a>	17	Evrópumótið
			23-	Opna
Þri. 30.jún.2009	Gautaborg	<a href="#">Ísland - Rúmenía</a>	18	Evrópumótið
			25-	Opna
Þri. 30.jún.2009	Gautaborg	<a href="#">Ísland - Pólland</a>	19	Evrópumótið
Samtals 15 leikir				

#### Verkefni

Karllandsliðið er komið inn á HM í Svíþjóð í Janúar 2011. Jafnframt mun liðið byrja forkeppni nú haust um sæti á EM í Serbíu.

U-20 árs landsliðið fer í forkeppni EM en átti mótið að fara fram á Íslandi um s.l. Helgi.

18 ára landsliðið fer í forkeppni EM og fer það mót fram í Belgíu.

Landsliðsnefnd vill þakka starfsmönnum HSÍ, stjórn HSÍ og öllum landsliðsmönnum samstarfið á síðasta keppnistímabili.

Kristján Arason

Formaður Landsliðsnefndar karla.

#### SKÝRSLA MÓTANEFNDAR HSÍ

##### Mótanefnd 2009-2010

Vígfús Þorsteinsson, formaður

Ásta Björk Sveinsdóttir

Hólmgeir Einarsson

Pétur Vilberg Guðnson

Rögnvaldur Guðmundsson

Starfsmaður mótaefndar var Róbert Gíslason og eru honum þökkur góð störf.

Mótanefnd hélt nokkra fundi, en samskipti fóru að mestu fram í tölvupóstum eða símleiðis, enda eru þau málefni, sem lenda hjá henni þess eðlis að það þarf að taka ákvarðanir hratt.



Það má segja að ný mótaefnd hafi tekið til starfa eftir síðasta ársþing, því fylgja að sjálfsögðu einhverjar breytingar og vonandi hafa þær verið til góðs. Hluti af þeim breytingum sem mótanefnd stóð fyrir í vetur var :

- Árgangaskipting í 6. Flokki
- Breyting á forkeppnum í 2. – 4. Flokki, þar sem liðum var gefinn kostur á að skrá sig í styrkleika 1 2 og 3. Þetta minnkaði forkeppnina og það þurfti ekki að keppa í milliriðlum
- Breyting á töfluröð 3. Umferðar í N1. Deild karla og kvenna og 1. Deild karla, þar sem reynt var að láta toppinn og botnin spila í síðustu umfærðum, þannig spiluðu lið 1-3 og 6-8 sína innbyrðis leiki í þrem síðustu umferðunum.

### **Leikjaniðurröðun**

Stór hluti af starfi mótnanefndar er niðurröðun á mótinu sjálfu og maður skyldi ætla að það væri félögunum mikils virði að hún væri sem best úr garði gerð. Það kom því á óvart hversu illa það gekk að fá félögin til að fara yfir sína leiki á haustmánuðum sér í lagi heimaleiki, þar sem það er í raun félagsins að raða leikjum í sitt hús. Sumum fannst þetta ekki vera í sínum verkahring heldur starfsmanns mótnanefndar, sem í raun væri þá í þeirri stöðu að vera milligöngumaður á milli félagsins og íþróttahúss þess. Það er á þessum tímamarki sem félögin eiga að hafa skoðun á niðurröðun ekki þegar búið er að gefa mótið út.

### **Framkvæmd leikja**

Eitt af því sem mótnanefnd gerði í haust var að útbúa umsagnarblað í fyrir leiki í 2., 3. og 4. flokki fyrir félögin til að koma athugasemdum á framfæri, m.a. dómgæslu, það bárust 30 skýrslur úr ca 1000 leikjum og þær voru ekki allar neikvæðar. Það má því draga þá ályktun að framkvæmd leikja í yngri flokkum sé í góðum málum.


Þá bárust aðeins 7 athugasemdir frá eftirlitsmönnum HSÍ vegna meistaraflokka.þ.e. N1 deild ka og kv og 1. Deild ka. (255 leikir) 3 enduðu sem áminning og 2 með sektum.

Samkvæmt þeim umsögnum sem bárust v/móta í 5. – 8. Flokki virðast þau mót hafa að langmestu farið mjög vel fram.

Á formannafundi í vetur kom fram eindreiginn vilji að fara út í átak um bættu „hegðun“ aðstandenda, þjálfara og iðkenda yngri flokka gagnvart dómurum og virtust menn vera sammála um að það væri eitthvað sem hreyfingin þyrfti að taka á. Mótnanefnd hyggst fara í átak í þessum málum fyrir næsta vetur.

### **Iðkendafjöld**

Meðfylgjandi grafi sést liðafjöldi í 5. – 8. flokki. Frá árinu 2004. Búið er að uppreikna breytingar á leikmannafjölda í einstökum flokkum.



Eins og sjá má er gríðarleg fjölgun sér í lagi í karlaboltanum síðustu 2 árin og það ætti að vera eitt af meginmarkmiðum hjá hreyfingunni að viðhalda þessari þróun.

Vigfús Þorsteinsson, formaður

#### SKÝRSLA DÓMARANEFNDAR HSÍ

Haustfundur var haldinn í september þar sem mættu um þrjátíu C-stigs dómara. Þeir gengust undir bæði bókleg og líkamleg próf með góðum árangri. Á fundinum var farið yfir áherslur vetrarins og samskipti dómara og þjálfara/leikmanna. Í tengslum við haustfundinn var haldið C-stigs dómara námskeið þar sem 9, af þeim fimmtán sem höfðu boðað komu sína, mættu. Annar fundur var síðan haldinn í samstarfi við HDSÍ í nóvember til að skerpa á áherslum. Þriðji fundur vetrarins með C-stigs dómurum var síðan haldinn í janúar þar sem allir gengust undir bæði bóklegt og líkamlegt próf.

Á þessu keppnistímabili var dómurum raðað í fyrsta sinn eftir nýjum reglum í deildardómara 1, 2 og 3. Þessi listi var birtur fjórum sinnum á tímabilinu þar sem menn færðust á milli flokka eftir getu og árangri á prófum.

Góð mæting var á haustfund dómarnefndar og þjálfara meistaraflokka þar sem farið var yfir samskipti dómara og þjálfara/leikmanna, störf skrifstofu HSÍ gagnvart boðunum og utanumhaldi og áherslur vetrarins.

Þjálfarar eða forráðamenn félaga skutu nokkrum málum til dómarnefndar á tímabilinu með umsögn um leiki og frammistöðu dómara þar sem dómarnefnd eða formaður leystu úr málum í tilefni við umkvartanir þeirra. Málin snérist flest um mat á einstökum dómum og framkomu dómara en einnig komu upp tilfelli þar sem leikir voru dæmdir af réttindalausum mönnum og þarf að koma í veg fyrir að íþróttinni sé sýnd slík lítilsvirðing.

Ritara- og tímavarðarnámskeið var haldið í september þar sem mættu þrjátíu manns, bæði nýliðar og einstaklingar sem höfðu starfað lengi sem slíkir. Á námskeiðinu kom í ljós að full þörf var á slíku námskeiði og ástæða er til að endurtaka það að ári.

15 A-stigs námskeið hafa verið haldinn frá því í febrúar 2009, þ.e. 8 á vormánuðum 2009 og 7 á þessu keppnistímabili og voru útskrifaðir um 400 einstaklingar sem hafa A-stigs réttindi eða leyfi til að dæma leiki í 5. flokki og yngri. Kynjahlutfall var um 40% stúlkur og 60% drengir. Þessi námskeið slá nokkuð á þörf félagana fyrir nýjum A-stigs dómurum en þó eru nokkuð mörg félög sem eiga enga A-stigs dómara og þurfa þau að bæta úr því.

Gerð var tilraun til að halda B-stigs námskeið í janúar en vegna slæmrar þátttöku, þar sem aðeins 12 manns skráðu sig, var það slegið af. Eitt B-stigs námskeið var síðan haldið í febrúar í samvinnu við handboltaakademíu FH þar sem 22 einstaklingar þreyttu próf og 20 luku því. Fyrirhugað er að halda B-stigs námskeið í september/október og er þegar farið að bera á eftirspurn eftir því.

Brynjar Einarsson, Margrét Theodórsdóttir og Arna Garðarsdóttir hafa borið hitann og þungan af fræðslunámskeiðum dómarnefndar þar sem Brynjar hefur leitt hópinn og verið í forsvari fyrir flestum námskeiðunum. Án þeirra hefði ekki verið hægt að halda úti svo öflugri fræðslu og er þeim sérstaklega þakkað fyrir frábært framlag.

Ólafur Örn Haraldsson hefur að mestu séð um niðurröðun dómara fyrir hönd dómarnefndar og Guðjón L. Sigurðsson um innlend og erlend samskipti.

Dómarar og eftirlitsmenn EHF hafa verið á ferð og flugi í vetur þar sem þeim hefur verið úthlutað fjölda mjög góðra verkefna. Í ágúst 2009 var tilkynnt að Anton/Hlynur og Ingvar/Jónas væru í hópi 35 bestu dómara Evrópu og að sá hópur myndi dæma í úrslitakeppnum og meistaradeildum á komandi tímabili. Þetta er mikil viðurkenning fyrir þá félaga og HSÍ og er dómarnefnd mjög stolt af frammistöðu þeirra.

Arnar Sigurjónsson og Svavar Pétursson sóttu EHF námskeið í Sviss í desember ásamt 5 öðrum þörum þar sem þeir stóðu sig mjög vel. Í febrúar tilkynnti síðan EHF að þeir félagar hefðu staðist prófið með prýði og að þeir væru orðnir EHF dómarar. Dómarnefnd óskar þeim til hamingju með að hafa náð þessum áfanga.

Formaður dómarnefndar sótti fund dómarnefndarformanna á vegum IHF í Túnis í júlí 2009 þar sem kynntar voru fyrirhugaðar breytingar á leikreglum sem taka eiga gildi 1. júlí næstkomandi. Breytingarnar eru allnokkrar og er ljóst að talsverð vinna verður að kynna

þær fyrir dómurinum og félögum á næstu haustdögum. Nú þarf að fara í gang þýðing á nýju leikreglum og gerð kennsluefnis sem notað verður næsta vetur.

Nokkrir nýjir C-stigs dómara fengu tækifæri í N1 deild karla og kvenna á tímabilinu og stóðu þeir sig með mikilli þryði. Dómaranefnd bindur miklar vonir við þá og trúir því að þeir muni einnig hleypa nýju lífi í endurnýjun og fjölgun dómara á efstu stigum.

Nú í vetur hafa komið upp nokkur mál þar sem aganefnd hefur þurft að endurskoða mál vegna illa útfylltrar skýrslu frá dómurum til hennar. Dómaranefnd hefur haldið á lofti þeirri skoðun sinni að leyfa félögum að senda inn greinargerð vegna aganefndarmála samhliða skýrslum frá dómurum, ef þurfa þykir, og stendur yfir endurskoðun á reglum þar um.

Dómaranefnd hélt 4 fundi með nýju fyrirkomulagi þar sem starfsmaður HSÍ, Róbert Gíslason, sat fundi og skráði þá. Þetta fyrirkomulag reyndist mjög vel og kemur meiri reglu á starfið. Nefndarmenn hittust einnig á óformlegum fundum til að fara yfir málin og voru duglegir að mæta á leiki til að fylgjast með.

Kristján Halldórsson hefur verið dómaranefnd innan handar við fræðslustörf og að fylgjast með líkamlegu atgervi dómara og Róbert Gíslason hefur séð um boðun dómara og utanumhald við rekstur dómaramála. Dómaranefnd færir þeim félögum þakkir fyrir frábært framlag.

#### **Dómaranefnd HSÍ 2009-2010.**

Guðjón L. Sigurðsson, formaður

Arna Garðarsdóttir

Brynjar Einarsson

Margrét Theodórsdóttir

Ólafur Örn Haraldsson

#### **EHF/IHF dómara.**

Anton Gylfi Pálsson - Hlynur Leifsson

Ingvar Guðjónsson – Jónas Elíasson

#### **EHF dómara.**

Arnar Sigurjónsson - Svavar Pétursson

#### **Eftirlitsmenn EHF**

Gunnar K. Gunnarsson

Guðjón L. Sigurðsson

Helga H. Magnúsdóttir

Kjartan K. Steinbach

Ólafur Örn Haraldsson

### Eftirlitsmenn HSÍ

Róbert Gíslason

Kristján Halldórsson

Margrét Theodórsdóttir

Guðjón L. Sigurðsson (sign) formaður

## SKÝRSLA AGANEFNDAR HSÍ

Í aganefnd sátu á starfsárinu eftirtaldir:

Gunnar K. Gunnarsson formaður

Vala Valtýsdóttir lögfræðingur

Rögnvald Erlingsson

Til vara:

Þorsteinn Einarsson

Á starfsárinu fram til 9. apríl hélt aganefnd 23 bókaða fundi og tók fyrir 98 mál sem henni voru send. Flest voru afgreiðslumál og afgreidd í samræmi við nýja "Reglugerð HSÍ um agamál". Öll mál voru afgreidd

Með nýrri reglugerð fyrir þetta ár var reglum breytt þannig að ekki hlýst leikbann fyrir fyrstu útilokun á tímabilinu fyrir brot. Það er hins vegar eftirtektarvert hve mikið af útilokunum var beitt vegna óíþróttamannslegrar framkomu og teljum við það verðugt verkefni fyrir félög að skoða þessi mál hjá sér jafnt í eldri sem yngri flokkum

Gunnar K. Gunnarsson, formaður

## SKÝRSLA BÚNINGANEFNDAR HSÍ

Búninganefnd hefur starfað og fundað eins og þurft hefur árinu, starf nefndarinnar er aðallega.

- 1) Pöntun á búningum.
- 2) Að útbúa landsliðin fyrir ferðir og æfingar, pakka og taka síðan við fötunum.
- 3) Sjá um að fylla á sjúkratöskur og panta sjúkravörur.
- 4) Að sjá um búningalagerinn.
- 5) Að koma búningum í þvott og ganga síðan frá þeim á réttan stað.
- 6) Að láta merkja búninga.

Búninganefnd er skipuð eftirfarandi.

Ingibjörg Ragnarsdóttir formaður  
Sesselja Oddgeirsdóttir  
Jóhannes Lange  
Þorbjörg Gunnarsdóttir

### 10. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Ásta Óskarsdóttir gjaldkeri sambandsins tók til máls. Hún gerði grein fyrir ársreikningum, staðfestum af formanni, varaformanni, gjaldkera og framkvæmdastjóra og yfirfarnir af kjörnum skoðunarmönnum. Reikningarnir voru yfirfarnir lið fyrir lið. Tap sambandsins 23.487 þúsund krónur sem er allst ekki viðunandi niðurstaða.

### Rekstrarreikningur 1. janúar 2009 - 31. desember 2009

	Skýr.	2009	2008
<b>REKSTRARTEKJUR</b>			
Framlög og strykir	1	29.178.579	83.637.183
Aðrir stryktaraðilar	2	75.707.592	93.825.166
Tekjur af landsleikum	3	13.789.705	12.571.657
Tekjur af mótum	4	8.135.090	3.804.207
Íslandsmót	5	3.936.433	4.641.438
Aðrar tekjur	6	0	1.500.000
<b>Rekstrartekjur alls</b>		<b>130.747.399</b>	<b>199.979.651</b>
<b>REKSTRARGJÖLD</b>			
Laun og verktakagreiðslur	7	41.904.647	39.694.984

Þátttaka í mótum	8	66.212.952	77.820.845
Kostnaður v. Mótahalds	9	26.754.579	22.704.467
Rekstur mannvirkja og gólf	10	4.041.563	2.114.375
Rekstur skrifstofu	11	5.774.558	5.834.363
Kostnaður v. Námskeiðshalds	12	569.065	83.491
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	13	2.499.692	1.330.252
Kostnaður v. Samkeppnisreksturs	14	1.088.943	1.652.297
Annar kostnaður	15	2.042.011	3.356.716
Niðurfærsla viðskiptakrafna	17	2.000.000	0
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		<b>152.888.010</b>	<b>154.591.790</b>

Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		<b>-22.140.611</b>	<b>45.387.861</b>
---------------------------------	--	--------------------	-------------------

**FJÁRMUNATEKJUR OG  
FJÁRMAGNSGJÖLD**

Vaxtatekjur	19	1.542.827	968.969
Vaxtagjöld	19	-1.202.156	-1.496.212
Dráttarvextir	19	-1.698.052	-2.016.113
		<b>-1.357.381</b>	<b>-2.543.356</b>

<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>		<b>-23.497.992</b>	<b>42.844.505</b>
-----------------------------------	--	--------------------	-------------------

Efnahagsreikningur 31.12.2009

	Skýr.	2009	2008
<b>EIGNIR</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir		953.688	1.430.531
Skammtímakröfur		30.408.871	76.447.622
Handbært fé		5.161.144	1.747.964

<b>EIGNIR SAMTALS</b>		36.523.703	79.626.117
<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ</b>			
<b>EIGIÐ FÉ</b>			
Óráðstafað eigið fé	18	43.324.834	480.329
Tekjuafgangur ársins		-23.497.992	42.844.505
Eigið fé alls		19.826.842	43.324.834
<b>Langtímaskuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ógreidd laun og launatengd gjöld		2.693.743	2.330.475
Ógreidd Icelandair - Kreditkort		3.707.935	7.739.753
Ógreiddur kostnaður		0	3.903.784
Viðskiptaskuld		3.370.593	12.086.593
Yfirdráttur í banka		6.924.590	10.240.678
Skammtímaskuldir alls		16.696.861	36.301.283
<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS</b>		36.523.703	79.626.117

#### 11. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Þingforseti opnaði fyrir umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins. Engin tók til máls.

Þingforseti lagði fram **reikninga sambandsins** til samþykktar og voru þeir **samþykkir með öllum greiddum atkvæðum**.

#### 12. Stjórn HSÍ leggur fram fjárhagsáætlun HSÍ fyrir næsta starfsmár

Gjaldkeri sambandsins Ásta Óskarsdóttir fylgdi fjárhagsáætlun sambandsins úr hlaði. Eins og Knútur formaður kom inn á ætlum við að halda áfram okkar metnaðarfulla starfi. Heildarrekstrartekjur eru áætlaðar 148.488 þúsund krónur sem skiptast á sama hátt og í ársreikningnum. Rekstrargjöld eru áætluð 146.290 þúsund krónur. Með þessu erum við með



áætlaðan hagnað upp á 2.197 þúsund krónur. Fjármagnstekjur og gjöld eru áætluð 1.500 þúsund krónur og er því áætlaður hagnaður sambandsins 697 þúsund krónur. Lagt er til að farið verði vel yfir fjárhagsáætlun í fjárhagsnefnd og einstaka liðir skoðaðir.

### Fjárhagsáætlun 2010

	Skýr.	2010 Áætlun	2009 Rauntölur
<b>REKSTRARTEKJUR</b>			
Framlög og strykir	1	36.303.477	29.178.579
Aðrir stryktaraðilar	2	65.125.000	75.707.592
Tekjur af landsleikum	3	20.859.716	13.789.705
Tekjur af mótum	4	4.150.000	8.135.090
Íslandsmót	5	3.381.000	3.936.433
Söfnun vegna EM 2010	6	18.669.125	0
<b>Rekstrartekjur alls</b>		<b>148.488.318</b>	<b>130.747.399</b>
 <b>REKSTRARGJÖLD</b>			
Laun og verktakagreiðslur	7	39.158.246	41.904.647
Þátttaka í mótum	8	71.402.663	66.212.952
Kostnaður v. Mótahalds	9	21.765.941	26.754.579
Rekstur mannvirkja og gólf	10	3.344.853	4.041.563
Rekstur skrifstofu	11	4.989.256	5.774.558
Kostnaður v. Námskeiðshalds	12	400.000	569.065
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	13	2.100.000	2.499.692
Kostnaður v. Samkeppnisreksturs	14	1.500.000	1.088.943
Annar kostnaður	15	1.630.000	2.042.011
Niðurfærsla viðskiptakrafna		0	2.000.000
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		<b>146.290.959</b>	<b>152.888.010</b>
 Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		 <b>2.197.359</b>	 <b>-22.140.611</b>
 <b>FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD</b>			
Vaxtatekjur	17	500.000	1.542.827
Vaxtagjöld	17	-1.000.000	-1.202.156
Dráttarvextir	17	-1.000.000	-1.698.052

---

-1.500.000      -1.357.381

---

**Hagnaður (tap) tímabilsins**

---

697.359      -23.497.992

---

Þingforseti leggur fjárhagáætlun fram til umfjöllunar og er henni vísað til fjárhagsnefndar.

**13. Tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu**

Eftirfarandi tillögur eru lagðar fyrir laganefnd til afgreiðslu



**53. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni  
Laugardal  
21. apríl 2010  
Þingskjal nr: 4**

Tillaga um Lög HSÍ  
Flutningsaðili: Mótanefnd HSÍ

## Var

**51.gr. Handknattleiksmót**

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

- a) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- b) 11-13 lið, ein deild, 2 umferðir
- c) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
  - a. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
  - b. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
  - c. 16 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
  - d. 17 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
  - e. 18 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
  - f. 19 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
  - g. 20 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir
  - h. 21 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.

- i. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
- j. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
- k. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar.

Neðsta lið í úrvalsdeild fellur beint í fyrstu deild.

Það lið sem vinnur fyrstu deildina er deildarmeistari 1. deildar og færist upp í úrvalsdeild.

Liðið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild leikur úrslitakeppni við lið númer tvö, þrjú og fjögur í 1. deild um það hvaða lið fær næst neðsta sætið í úrvalsdeild.

Ef að 7 - 10 lið eru í deild þá skulu leiknar 3 umferðir, annars 2 umferðir. Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. og 2. umferð skv. töfluröð og skal stjórn HSÍ ákveða röðun heimaleikja í 3. umferð með tilliti til stöðu liða í deild eftir 2 umferðir. 8 lið skulu ávallt vera í úrvalsdeild karla þar til að þátttökulið eru orðin 18 þá verður úrvalsdeildin með 10 lið. Ef að þátttökuliðinn verða 22 þá verður úrvalsdeildin með 12 liðum.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar.

Leikinn skal úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4 og á fyrst heimaleik.

Lið 2 mætir liði 3 og á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Úrslitakeppni um næst neðsta sæti úrvalsdeildar.

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild og á fyrst heimaleik.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild og á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um að fá 7. sæti úrvalsdeildar.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær næst neðsta sæti úrvalsdeildar á næsta keppnistímabili. Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær fyrri leikinn á heimavelli.

Öll handknattleiksmót og handknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ.

## **Verður**

### **51.gr. Handknattleiksmót**

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

- a) **9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.**
- b) **10-13 lið, ein deild, 2 umferðir**

- c) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
- a. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
- b. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
- c. 16 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
- d. 17 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
- e. 18 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1. deild 2 umferðir.
- f. 19 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
- g. 20 lið 10 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 2 umferðir.
- h. 21 lið 10 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
- i. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 2 umferðir.
- j. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
- k. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. og 2. umferð skv. töfluröð og skal stjórn HSÍ ákveða röðun heimaleikja í 3. umferð með tilliti til stöðu liða í deild eftir 2 umferðir.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar.

Neðsta lið í úrvalsdeild fellur beint í fyrstu deild.

Það lið sem vinnur fyrstu deildina er deildarmeistari 1. deildar og færist upp í úrvalsdeild.

**Ef lið eru 8 í úrvalsdeild þá leikur það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild við lið númer tvö, þrjú og fjögur í 1. deild um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári.**

**Séu 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild skulu 2 neðstu liðin falla og 2 efstu liðin í 1. deild taka sæti þeirra. Liðið í 8. sæti úrvalsdeildar skal leika við lið númer 3, 4 og 5 í 1. deild um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári**

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 10 lið eða færri.

Leikin skal úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4

Lið 2 mætir liði 3

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

**Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.**

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 11 lið eða fleiri.

Leikin skal úrslitakeppni 8 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 8

Lið 2 mætir liði 7

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

**Sigurvegari viðureignar 1/8 mætir 4/5**

**Sigurvegari viðureignar 2/7 mætir 3/6.**

**Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.**

**Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.**

Úrslitakeppni um **laust sæti** í úrvalsdeild miðað við **8 lið** í efri deild.

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild.

**Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.**

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

**Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.**

Úrslitakeppni um **laust sæti** í úrvalsdeild miðað við **10 lið** eða fleiri í efri deild.

Liðið í þriðja neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 5 í 1. Deild.

Lið 3 í 1. deild mætir liði 4 í 1. Deild.

**Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.**

**Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.**

**Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.**

**Ef fjölga þarf úr 8 liðum í 10 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 7. sæti úrvalsdeildar, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar.**

**Ef fjölga þarf úr 10 liðum í 12 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar, liðið í 9. sæti úrvalsdeildar.**

**Ef fækka þarf liðum í úrvalsdeild skal sú fækkun fara fram ári síðar svo framarlega sem liðafjöldi í 1. deild er 6 lið eða fleiri. Ef liðafjöldi í fyrstu deild er færri en 6 lið skal fækka strax í úrvalsdeild. Stjórn HSÍ skal setja nánari reglur um fækkunina ef sú staða kemur upp.**

Öll handknattleiksmót og handknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ.

### ***Greinargerð:***

Á formannafundi HSÍ þann 23. mars var ákveðið að mótanefnd myndi fara yfir grein laga HSÍ um mótakerfi m.flokks og útfæra hugmyndir sem myndu taka á því hvernig á að fjölga og fækka liðum í úrvalsdeild.

Einnig er verið að færa fjölgunarpunktinn í úrvalslið úr 18 í 20 lið til að viðhalda stöðuleika.

-----  
Samþykkt að vísa þingskjali 4 til alsherjanefndar  
-----

Þingforseti ágætu félagar Vigfús formaður mótanefndar gerir grein fyrir þingskjali 4. Þetta eru ekki miklar breytingar á því fyrirkomulagi sem er í dag en þó er þarna eitthvað sem leynist þarna inn á milli. Helsta breytingin er að þegar það eru 9 lið þá eru 3 umferðir en ekki tíu lið eins og það var. Það voru smá umræður um þetta síðasta vor þegar að kvennfólkið átti að fara að spila 27 umferðir og er þetta bara í anda þess. Síðan er önnur breyting svona lítil í c lið í 51 gr. Þar erum við að breyta því að þótt það séu 18 lið og 19 lið þá, engu að síður er 8 liða deild, það er efsta deild. Á fundi um daginn þá upplifðum við það alla vega þannig að menn eru tiltölulega sáttir með að spila í 8 liða deild og það sem vinnst með þessu í raun er eins og kemur fram síðar í tillögunni. Það verður stöðugra umhverfi, við seinkum því að fara í 10 liða deild og þegar það fækkar aftur, það er ef fækkar aftur í deildinni, þá er hægt að bíða með að fækka í deildinni. Það er auðvelt að fjölga. Við spilum úrslitakeppni í deildum og ef fjölgar úr 8 í 10 lið þá erum við alveg með liðið sem tapaði í umspili og erum með röð á liðum, en ef við ætlum að fækka aftur þá er það svolítið meira mál. Ef við erum með 18 lið og það fer að fækka aftur niður þá þyrftum við að taka strax aftur til þess hvaða lið ættu að fara í fyrstu deild þá þyrftum við raunverulega að fækka strax í deildinni úr 10 í 8. Það er miklu erfiðara að fækka heldur en að fjölga. Það þýðir eins og ég segi að það verði 10 lið áfram í deildinni við fækkum kanski úr 20 yfir í 18 þá er samt 8 liða fyrstudeild. Sem við getum þá aftur tekið upp á þinginu á eftir hvernig við leysum það mál. Síðan er í þessu að við erum raunverulega að forvinna það að ef það fjölgar þá er alveg klárt hvernig við fjölgum í deildinni. Við vitum það sem sagt ef við fjölgum úr 8 liðum í 10 þá er alveg klárt hvernig röðin á því er. Við þurfum ekki að fara að setjast niður og semja um það heldur er það alveg klárt hvernig það ferli verður. Þetta eru þessar breytingar sem verið er að gera hérna. Ekki voru fleiri sem vildu taka til máls.

#### **14. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem hafa borist til stjórnar**

##### **Þátttökugjöld og greiðsla til dómara og eftirlitsmanna**

Aðildarfélag HSÍ skulu vera búin að ganga frá uppgjöri á öllum gjöldum í öllum flokkum sem til falla vegna þátttöku þeirra á landsmótum HSÍ, Gjalddagi skal vera 5.okt. ár hvert.

Hafi félag ekki greitt innan gjalddaga skulu allir leikir meistaraflokka þess ekki fara fram heldur teljast tapaðir.

Greiði félag vangoldna skuld skal því heimilt að halda áfram þátttöku. Mótanefnd HSÍ sér um að ákvæði þessu sé framfylgt.

Öll þóknun fyrir dæmda leiki greiðist af þátttökuliðum. Ferða- og upphaldskostnaður dómara í Úrvalsdeild og 1. deild karla og kvenna í meistaraflokki sem HSÍ skipar og eftirlitsmanna greiðist af HSÍ.

Heimalið í hverjum leik skal gera upp við dómara og eftirlitsmann, samkvæmt gjaldskrá sem gefin er út af HSÍ.

*Þátttökugjöld fyrir tímabilið 2010-2011*

Efstu deildum karla	kr. 50.000,-
Efstu deildum kvenna	kr. 50.000,-
Utandeild karla	kr. 25.000
2. deild kvenna	kr. 25.000,-
Mfl. B-lið	kr. 25.000,-
2. fl	kr. 20.000,-
3.fl	kr. 20.000,-
4.fl	kr. 20.000,-
Bikar mfl.	kr. 25.000,-
N1 deildargjald	kr. 250.000,-
Jöfnunarsjóður m.fl	kr. 50.000,-
Úrslitagjald yngri flokka.	kr. 5.000,-
Leikskýrslugerð	kr. 1.000,- per leik

-----

Vísað til fjárhagsnefndar.

-----

**Þinghlé og þingnendir taka til starfa.**

## 15. Álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

### Fjárhagsnefnd:

Þingforseti bað Ástu Óskarsdóttir gjaldkera að gera grein fyrir fjárhagsáætlun og störfum fjárhagsnefndar.

Fjárhagsáætlun var samþykkt í fjárhagsnefnd eins og hún var lögð fram.

Mikil umræða skapaðist um hækkun á þátttökugjöldum. Efstu deild karla og kvenna, utandeild, 2 deild kvenna og MFL B-lið verður óbreytt. 2. Fl. Karla, 3. Fl. Og 4 fl. Verður 15.000 pr. lið og er aðeins greitt fyrir tvö lið í hverjum flokki, þó að fleiri keppi þá er aðeins greitt fyrir 2 lið. Breytingar verða vegna bikarkeppni þar sem gjald verður 7.000 pr. Umferð og annað er óbreytt.

Hallur Helgason formaður Selfoss kom með spurning til stjórnar varðandi skuldaskilaverkefnið sem fór af stað í fyrra með að dreifa greiðslum hvar kemur inn í rekstrartekjurnar innkoman af því? Honum er svarað að það komi undir skammtímakröfur. Einnig spyr hann um hvort að öll félög hafi staðið við gerð samkomulög. Ef svo er ekki hvaða félög það eru sem eru ekki að standa við gerð samkomulög.

Ásta gjaldkeri svarar þessu til, að fyrir ári var það um 22 milljónir sem félögin skulduðu HSÍ en núna um áramótin var þessi tala í 14 milljónum. Þannig að þetta hefur gengið mjög vel félög eru búin að ganga frá og eru að ganga frá sínum málum og eru að standa við greiðsluáætlanir sem er mjög jákvætt.

**Fjárhagsáætlun vegna ársins 2010 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.**

### Alsherjanefnd:

Davíð Hjaltested tekur við og gerir grein fyrir störfum alsherjanefndar

Eftir fjörugar og fræðilegar umræður var ákveðið að vísa Þingskjali 4 til þingsins óbreyttu til afgreiðslu. Davíð þakkar fyrir umræðuna hjá alsherjanefnd. Ekki voru fleiri sem tóku til máls.

Þingskjal 4 var borið upp til samþykktar og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum utan tveggja.



## Laga- og reglnanefnd:

Viktor Ragnarsson gerði grein fyrir störfum laga og reglnanefndar:

Viktor sagði að nefndin leggi til að þingskjal 5 verði samþykkt.

Þingskjal 5 var samþykkt samhljóða.

Einar Þorvarðarson bað um orðið varðandi Þingskjal 6, það urðu miklar og fjörugar umræður um það og stjórn sambandsins ætlar að draga þingskjal 6 til baka. Þar sem það skilar ekki alveg því sem að allir aðilar vildu koma þarna inn. Þessi umræða snerist mikið um það að við erum með þessa svokölluðu fjagra liða úrslitakeppni á laugardögum og sunnudögum og inn í þetta vantar flýtimerðferð sem getur virkað í svona mótum. Ekki svona mál eins og síðast að við þurfum að stoppa í miðju móti. Jafnframt ætlar stjórnin að vísa þessum málum það er þessu gjaldi og flýtimeðferð til laganefndar handknattleikssambandsins í framhaldinu. Þannig að þetta er okkar ósk.

## 16. Ákveða þáttökugjöld í Íslands- og bikarmótum næsta keppnistímabil

Stjórn HSÍ leggur fram tillögur um að mótagjöld verði eftirfarandi næsta tímabil

Gert var grein fyrir þáttökugjöldum í umfjöllun fjárhagsnefndar.

### Þáttökugjöld og greiðsla til dómara og eftirlitsmanna

Aðildarfélag HSÍ skulu vera búin að ganga frá uppgjöri á öllum gjöldum í öllum flokkum sem til falla vegna þátttöku þeirra á landsmótum HSÍ, Gjaldalagi skal vera 5.okt. ár hvert.

Hafi félag ekki greitt innan gjalddaga skulu allir leikir meistaraflokka þess ekki fara fram heldur teljast tapaðir.

Greiði félag vangoldna skuld skal því heimilt að halda áfram þátttöku. Mótanefnd HSÍ sér um að ákvæði þessu sé framfylgt.

Öll þóknun fyrir dæmda leiki greiðist af þáttökuliðum. Ferða- og uppihaldskostnaður dómara í Úrvalsdeild og 1. deild karla og kvenna í meistaraflokki sem HSÍ skipar og eftirlitsmanna greiðist af HSÍ.

Heimalið í hverjum leik skal gera upp við dómara og eftirlitsmann, samkvæmt gjaldskrá sem gefin er út af HSÍ.

Þátttökugjöld fyrir tímabilið 2010-2011

Efstu deildum karla	kr. 50.000,-
Efstu deildum kvenna	kr. 50.000,-
Utandeild karla	kr. 25.000
2. deild kvenna	kr. 25.000,-
Mfl. B-lið	kr. 25.000,-
2. fl	kr. 15.000,-
3.fl	kr. 15.000,-
4.fl	kr. 15.000,-
Bikar mfl.	kr. 7.000,- Hver umferð
N1 deildargjald	kr. 250.000,-
Jöfnunarsjóður m.fl	kr. 50.000,-
Úrslitagjald yngri flokka.	kr. 5.000,-
Leikskýrslugerð	kr. 1.000,- per leik

Þátttökugjöld voru samþykkt samhljóða.

**17. Önnur mál**

Þingforsti bar upp hvort einhver vildi taka til máls. Enginn kvað sér hljóðs.

**18. Kostning stjórnar**

Kostning fjögurra stjórnarmanna til tveggja ára:

Þingforseti las upp 15 gr. laga HSÍ sem var framfylgt við eftirfarandi stjórnarkjör:

Tillaga um formann HSÍ fyrir næsta starfsár Knútur Hauksson .

Knútur Hauksson er kjörinn **formaður HSÍ** næsta starfsár með lófaklappi.

Tillaga um stjórnarmenn HSÍ kjörna til 2ja ára:

- Árni Þór Arnason
- Kristján Arason
- Guðjón L. Sigurðssonar
- Gunnar Erlingsson

Ofangreindir aðilar voru kjörnir stjórnarmenn til tveggja ára með lófaklappi.

Fyrir eru í stjórn til tveggja ára kostnir á ársþingi 2009.

- Ásta Óskarsdóttir
- Guðmundur B. Ólafsson
- Kjartan Steinback
- Vigfús Þorsteinsson

Kostning varamanna til eins árs.

- Hannes Karlsson
- Þorgeir Haraldsson
- Þorbjörg Gunnarsdóttir

Ofangreindir aðilar voru kjörnir varamenn í stjórn til eins árs með lófaklappi.

#### **19. Kostning 2 endurskoðenda og 2 til vara**

Tilnefndir voru eftirfarandi:

- Guðmundur Frímannsson
- Jón Gestur Viggósson

Til vara vour eftirfarandi tilnendir:

- Pálmi Kristinsson
- Soffía Ragnarsdóttir

Engar athugasemdir bárust svo endurskoðendur og varamenn teljast réttkjörnir.

#### **20. Kostning dómstóls HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir**

Tilnefndir voru erftifarandi:

- Hulda Rós Rúriksdóttir
- Smári Hilmarsson
- Vala Valtýsdóttir

Tilnefndir vour eftirfarandi varamenn:

- Ágúst Sindri Karlsson
- Bergþóra Sigmundsdóttir
- Guðmundur Þór Jónsson

Engar athugasemdir bárust, svo tilnefndir þrír aðilar í dómstól HSÍ og þrír til vara teljast réttkjörnir.

## **21. Kostning í áfrýjunardómstól HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir**

Tilnefndir voru eftirfarandi:

- Þorgeir Ingi Njálsson
- Helgi I. Jónsson
- Gunnar Jónsson

Kostning varamanna til eins árs.

- Benedikt Bogason
- Guðjón Marteinsson
- Þorsteinn Einarsson

Engar athugasemdir bárust, svo tilnefndir þrír aðaldómarar í áfrýjunardómstól HSÍ og þrír varadómarar tekjast réttkjörnir.

## **22. Kostning fulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ**

Tillaga hefur borist að Knútur G. Hauksson, Einar Þorvarðarsson, Guðmundur B. Ólafsson, Ásta Óskardóttir, Hannes Karlsson Akureyri og Þorgeir Jónsson Hafnarfirði og Hörður Gunnarsson Reykjavík. Var þessi tillaga samþykkt.

## **23. Þingslit:**

Þingforseti gefur orðið endurkjörnum formanni HSÍ Knúts G. Haukssonar.

Forseti góðir fundarmenn. Ég þakka það traust sem okkur í stjórn er sýnt með endurnýjuðu umboði. Það er nokkuð ljóst að það eru ekki allar stjórnir sem treysta sér í að endurnýja umboð sitt núna. Einnig vil ég þakka ykkur fyrir snöggt og stutt ársþing ég hef nú verið á þeim mörgun en aldrei svona stuttu. Ég vona hins vegar að það sé vitni um samhug og sátt sem er innan hreyfingarinnar. Það er ljóst að nýrri stjórn bíða mörg erfið og krefjandi verkefni og ég treysti því að við munum öll hjálpast við að lyfta handboltanum upp á nýjar hæðir er ég þá að vitna til allra þátta í starfi hreyfingarinnar. Vil ég síðan þakka ykkur kærlega fyrir gott og snöggt þing og óska ykkur allra góðrar heimferðar. Takk fyrir.

